

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Lyfjaeftirlit Íslands

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Lyfjaeftirlit Íslands og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Hlutverk stofnunarinnar er að sinna lyfjaeftirliti í íþróttum á Íslandi, í samræmi við alþjóðasamninga UNESCO og Evrópuráðsins um lyfjaeftirlit og lyfjareglur Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar, World Anti Doping Agency, WADA, sbr. 3. gr. a. íþróttalaga, nr. 64/1998, og lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ um lyfjamál. Einnig skal stofnunin sinna lyfjaeftirliti og fræðslustarfi utan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands samkvæmt samkomulagi og er það framkvæmt í samræmi við ofangreinda alþjóðasamninga og lög.

### 4. gr.

#### *Verkefni Lyfjaeftirlits Íslands.*

Lyfjaeftirlit Íslands skipuleggur og framkvæmir lyfjaeftirlit á Íslandi. Stofnunin birtir og kynnir bannlista WADA um efni sem óheimilt er að nota í íþróttum.

Lyfjaeftirlit Íslands skal standa að fræðslu og forvörnum gegn lyfjamisnotkun og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í tengslum við baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Stofnunin skal hvetja til rannsókna sem tengjast starfi hennar og markmiðum, vekja athygli á málaflöknum og taka þátt í umræðum um hann.

### 5. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur Lyfjaeftirlits Íslands eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, kt. 670169-0499, og mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969. Stofnframlag er 1.200.000 kr. og leggur hvor stofnaðili til framlag sem nemur 600.000 kr.

### 6. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.200.000 kr., sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 5. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### 7. gr.

#### *Tekjur.*

Tekjur Lyfjaeftirlits Íslands eru sem hér segir:

1. Árlegt framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti samkvæmt samningi.
2. Framlag Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í formi aðstöðu og þjónustu, sem er skilgreind í samningi ráðuneytisins við sambandið.
3. Lyfjaeftirlits- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 3. gr. a. íþróttalaga, nr. 64/1998.
4. Innlendir og alþjóðlegir styrkir. Ekki skal þiggja gjafir eða önnur framlög sem skaðað geta hagsmuni og markmið Lyfjaeftirlits Íslands.

## 8. gr.

*Stjórn.*

Stjórn Lyfjæftirlits Íslands skal skipuð fjórum mönnum til 3 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur skipa hvor um sig tvo fulltrúa í stjórn og einn í varastjórn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, skal staða formanns stjórnar skipta um hendur þegar nýtt skipunartímabil hefst. Ákvarðanir á stjórnarfundum skulu teknar með meirihluta atkvæða. Atkvæði formanns skal ráða úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Stjórnin skal koma saman að minnsta kosti átta sinnum á ári. Aðalatriði stjórnarfundar skulu skráð í gerðabók og undirritaðar af viðstöddum fundarmönnum. Formaður skal boða til stjórnarfunda með sannanlegum hætti og skal dagskrá fylgja fundarboði. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir þá. Um vanhæfi stjórnarmanna til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.

## 9. gr.

*Verkefni stjórnar.*

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra, ákvarðar kjör hans og setur honum starfslýsingu.

Stjórn stofnunarinnar skipar ákærunevnd skv. 12. gr., sem fer með ákærvald fyrir dómstólum ÍSÍ vegna brota á lagaákvæðum ÍSÍ um lyfjamisnotkun.

Stjórn stofnunarinnar skipar lyfjæftirlitsnefnd samkvæmt 13. gr. til þess að sjá um framkvæmd lyfjæftirlits og fræðslumál.

Stjórnin skipar undanþágunevnd skv. 14. gr. til að fara yfir umsóknir um undanþágur frá bannlista WADA í samræmi við reglur WADA um veitingu undanþága. Stjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna í ákærunevnd, lyfjæftirlitsnefnd og undanþágunevnd þegar tilefni þykir til.

## 10. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn.

## 11. gr.

*Framkvæmdastjóri.*

Stjórn Lyfjæftirlits Íslands er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum og hefur málfrelsi og tillögurétt þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar samkvæmt þeirri stefnu og tilmælum sem stjórnin gefur. Framkvæmdastjóra er heimilt að ráða starfsmenn eða verktaka til að sinna ákveðnum verkefnum stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að bókhald sé fært og að reikningum sé komið til endurskoðenda. Framkvæmdastjóri ber einnig ábyrgð á því að rekstur sé í samræmi við árlegt fjármagn stofnunarinnar.

## 12. gr.

*Ákærunevnd.*

Stjórn Lyfjæftirlits Íslands skipar ákærunevnd um brot á lögum ÍSÍ um lyfjamál. Skipa skal þrjú menn til tveggja ára í senn og skal a.m.k. einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum og einn hafa lokið embættisprófi eða meistaraáráðu í lögum.

Ákærunefndin tekur ákvarðanir um hvenær kæra skuli brot á lögum ÍSÍ um lyfjamál til dómstóls ÍSÍ með hliðsjón af WADA-samningnum. Ákærunefndin getur (samkvæmt lögum og reglum ÍSÍ) tekið ákvarðanir um áfrýjanir eða að falla frá kæru fyrir dómstól ÍSÍ. Nefndin getur einnig ákveðið undantekningar frá ákæru til dómstóls ÍSÍ og birt ákvarðanir hans um keppnisbann einstaklinga og félaga.

Mál er varða almenn hegningarlög nr. 19/1940, lyfjalög nr. 93/1994 og önnur lög skal tilkynna til lögreglu eða þar til bærra yfirvalda.

## 13. gr.

*Lyfjaeftirlitsnefnd.*

Stjórn Lyfjaeftirlits Íslands skal skipa lyfjaeftirlitsnefnd. Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu frá stofnendum skv. 5. gr. Í nefndina skal skipa þrjú menn til þriggja ára í senn og skal a.m.k. einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum.

Lyfjaeftirlitsnefnd hefur það hlutverk að skipuleggja framkvæmd lyfjaeftirlits. Jafnframt skal nefndin skipuleggja og standa fyrir fræðslu um lyfjaeftirlitsmál.

## 14. gr.

*Undanþágunefnd.*

Stjórn Lyfjaeftirlits Íslands skal skipa undanþágunefnd. Í nefndina skal skipa þrjú menn og skulu þeir hafa lokið prófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum. Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu frá ÍSÍ til þriggja ára í senn.

Undanþágunefndin hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir einstaklinga um undanþágur frá bannlista WADA á lyfjum/efnum í samræmi við reglur WADA um veitingu undanþága. Nefndin hefur heimild til þess að veita íþróttamönnum undanþágur til notkunar efna á bannlista WADA í lækninga-skygni í samræmi við undanþáguákvæði lyfjareglna WADA.

## 15. gr.

*Úrsögn.*

Segi stjórnarmaður sig úr stjórn Lyfjaeftirlitsins tekur varamaður sæti hans. Segi varamaður sig úr stjórn skal skipað að nýju í hans stað. Segi nefndarmaður sig úr nefnd Lyfjaeftirlits Íslands skal skipa nýjan nefndarmann í hans stað.

## 16. gr.

*Ársfundur.*

Stjórn Lyfjaeftirlits Íslands skal halda ársfund fyrir lok maí ár hvert. Rétt til setu á ársfundi auk stjórnar hafa tveir fulltrúar frá hvorum stofnanda, sem fara með atkvæðisrétt. Ákærunefnd, lyfjaeftirlitsnefnd, undanþágunefnd og framkvæmdastjóri hafa rétt til setu á ársfundi með málfrelsi.

Á ársfundinum skal lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir ársreikningar.

Dagskrá ársfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreikninga.
3. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá.
4. Skipun stjórnarmanna.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna ef við á.
6. Samþykkt rekstrar- og starfsáætlunar næsta árs.
7. Önnur mál.

## 17. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn Lyfjaeftirlits Íslands skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 18. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 19. gr.

*Fjármál.*

Lyfjaeftirlit Íslands fær framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti samkvæmt þjónustusamningi þeirra á milli sem er endurskoðaður á þriggja ára fresti. Framlag Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er í formi aðstöðu og þjónustu, sem er skilgreind í samningi ráðuneytisins við sambandið. Tekjur geta einnig verið vegna veittrar þjónustu við aðila innan og utan íþróttahreyfingarinnar auk styrkja vegna sérstakra verkefna, svo og gjafir og önnur framlög. Stofnunin skal ekki þiggja gjafir eða önnur framlög sem skaðað geta hagsmuni og markmið hennar.

Lyfjaeftirlits- og þjónustugjöld fara samkvæmt gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 3. gr. a. íþróttalaga, nr. 64/1998.

## 20. gr.

*Breyting skipulagskrárinnar.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki allra stjórnarmanna og fulltrúa beggja stofnenda. Kynna skal slíkar breytingar í fundarboði til ársfundar.

## 21. gr.

*Slit og sameining.*

Stofnuninni verður ekki slitið nema með samþykki allra stjórnarmanna og fulltrúa beggja stofnenda.

Verði stofnuninni slitið skal eigum hennar varið í þágu lyfjaeftirlitsmála, samkvæmt tillögu ráðuneytisins. Komi til sameiningar við aðra stofnun renna eignir Lyfjaeftirlitsins til þeirrar stofnunar enda sinni hún starfsemi Lyfjaeftirlitsins eins og fram kemur í 3. gr. og 4. gr. stofnskrár þessarar.

## 22. gr.

*Ótilgreind atriði.*

Að því er varðar atriði sem ekki eru tilgreind í skipulagsskrá þessari skal fara að lögum og reglum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og alþjóðlegum lögum er gilda um lyfjaeftirlit í íþróttum.

## 23. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 25. apríl 2018,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*